



Fundargerð fræðslunefndar

Mánudaginn 1. júlí 2013, var fundur haldinn í fræðslunefnd
Skagastrandar kl. 16:30 í Fellsborg

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Svenny
Hallbjörnsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Elín Rafnsdóttir og Magnús B.
Jónsson, sveitarstjóri.

Undir dagskrárlið 1 mættu: Hildur Ingólfssdóttir, Erna Hreinsdóttir og
Inga Rós Sævarsdóttir

Undir dagskrárlið 2 mættu: Þórunn Bernódusdóttir, Sesselja
Guðmundsdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir.

Birna Sveinsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá fundarins:

1. Grunnskólinn:
 - a) Starfsmannahald
 - b) Kennslukvóti
 - c) Skóladagatal
 - d) Önnur mál

2. Leikskólinn:
 - a) Starfsmannahald
 - b) Dvalartímatilboð
 - c) Aldursmörk í dvöl
 - d) Önnur mál

1. Grunnskólinn

- a) Starfsmannahald

Skólastjóri gerði grein fyrir stöðu kennararáðninga. Fram kom að aðstoðarskólastjóri hafi verið ráðinn en ekki hafi verið gengið frá ráðningu í eina kennarastöðu. Ráðning í stöður stuðningsfulltrúa er að mestu frágengin. Skólastjóri óskaði eftir samþykki fyrir ráðningu í stöðu stuðningsfulltrúa til umsjónar með frístundaveri. Rætt var um hvernig frístundaverið hafi gengið og m.a. rætt um húsnæðismál. Fræðslunefnd samþykkti að mæla með að frístundverið verði áfram í boði.



b) Kennslukvóti

Fyrir fundinum lá tillaga að kennslukvóta sem skólastjóri kynnti. Í tillögunni er gert ráð fyrir að kennslukvóti skólaárið 2013-2014 verði 330 kennslustundir sem er óbreyttur stundafjöldi frá síðasta skólaári. Fræðslunefnd ræddi málið og fyrirhugað kennslufyrirkomulag en samþykkti kennslukvótann fyrir sitt leyti.

c) Skóladagatal

Fyrir fundinum lágu tvær útgáfur af skóladagatali þar sem annarsvegar er gert ráð fyrir að kennsla hefjist 21. ágúst og ljúki 23. maí og verði 180 kennsludagar og hins vegar dagatal þar sem gert er ráð fyrir að kennsla hefjist 23. ágúst og ljúki 20. maí og sé 175 dagar. Skólastjóri greindi frá því í hverju mismunur í þessum dagtölum er fólgin og að könnun meðal foreldra hafi leitt í ljós að seinni tillagan þyki áhugaverðari og því verði unnið skv. því dagatali á næsta skólaári. Fræðslunefnd ræddi málið og samþykkti 175 daga skólaár.

d) Önnur mál

Skólastjóri greind frá því að nokkur vandamál hafi komið upp í tengslum við stúlknaþópa í skólanum þar sem hafi komið upp bæði einelti og erfið samskiptamál sem ekki hafið gengið að stemma stigu við. Lýsti skólastjóri yfir áhuga á að fá ráðgjafa sem hafi mikla reynslu af slíkum málum til að vinna að úrlausn þessara mála. Kostnaður við verkefnið sé áætlaður um 250 þús. Mikil umræða varð um málið og lýsti fræðslunefnd sig sammála nauðsyn þess að fá ráðgjafa til starfa. Sveitarstjóri greind frá því að settur hafi verið á starfshópur um málefni grunn- og leikskóla. Verkefni hópsins sé að meta stöðu skólanna faglega, aðbúnaðar-, og rekstrarlega auk þess að taka til skoðunar hagkvæmni þess að sameina skólana.

2. Leikskólinn:

a) Starfsmannahald

Leikskólastjóri greindi frá því að fyrirséð er að börnum í leikskólanum muni fækka úr um 36-37 í 28- 30 börn. Af því leiði að stöðugildum fækkar úr 8,3 í um 7,5. Fyrirséð er þó að ráða þurfi í starfshlutfall vegna sérkennslu. Í leikskólanum hafi ófaglærðir starfsmenn einungis verið ráðnir í tímabundið starf til eins árs í senn. Auglýst hafi verið eftir leikskólakennurum til að leitast við að uppfylla kröfu um að 2/3



starfsmanna séu með leikskólakennaramenntun. Þær auglýsingar hafi ekki borið árangur.

Umræður urðu um málið ekki gerðar athugasemdir.

b) Dvalartímatilboð

Leikskólastjóri lagði fram tillögu sína að breyttum dvalartímatilboðum þar sem boðið verði upp á dvöl frá kl 9 að morgni. Umræður urðu um tillöguna og hvaða áhrif hún hafi á rekstur leikskólans. Fræðslunefnd samþykkti tillöguna fyrir sitt leyti.

c) Aldursmörk í dvöl.

Formaður fræðslunefndar vakti máls á að fræðslunefnd þurfi að taka afstöðu til breytinga á úthlutunarreglum með tilliti til þess hvort börn verði tekin í dvöl frá 9 mánaða aldri. Leikskólastjóri útskýrið hvernig aldur barna og barngildisviðmið hafi verið notuð til að leggja mat á starfsmannahald ofl. Fræðslunefnd ræddi málið leggur til þá breytingu á úthlutunarreglum að hægt sé að sækja um fyrir börn frá 9 mánaða aldri.

d) Önnur mál

Leikskólastjóri greindi frá því að aukinn þungi sé á að ljúka skólanámsskrá fyrir leikskólann. Vinna við námsskrána sé kominn á veg og markmissetning sé m.a. farin að mótast. Hún ræddi einnig um innra mat á starfseminni og nauðsyn þess að gera slíkt mat.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.45

Birna Sveinsdóttir,

Aðalheiður Árnadóttir,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Jóhanna Karlsdóttir,

Elín Rafnsdóttir,

Hildur Ingólfssdóttir,

Inga Rós Sævarsdóttir

Erna Hreinsdóttir

Þórunn Bernódusdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Magnús B. Jónsson